

Skýrsla

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um framvindu stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018–2024.

Í júní 2018 samþykkti Alþingi einróma stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024, sbr. lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, nr. 69/2015. Framkvæmd byggðaáætlunar hefur farið vel af stað og eru flestar aðgerðir komnar í framkvæmd.

Vinna við mótun byggðaáætlunar hafði staðið yfir frá því í mars 2016 en þá fól ráðherra Bygðastofnun verkefnið, sem unnið var samkvæmt nýju verklagi sem lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir kveða á um. Áhersla var lögð á opið mótunarferli og samráð við haghafa um land allt, meðal annars við íbúa, sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga, stofnanir og ráðuneyti. Í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga voru haldnir tveir opnir fundir í öllum landshlutum, við upphaf vinnunnar og undir lok hennar. Þá var haldinn fundur með Alþingismönnum í Safnahúsinu þar sem þeim gafst kostur á að koma áhersluatriðum sínum á framfæri. Allan vinnslutímann var samráðsgátt opin á vef Bygðastofnunar þar sem gögn voru aðgengileg og allir gátu lagt fram tillögur, ábendingar og athugasemdir. Alls bárust yfir 50 tillögur og ábendingar. Þá voru drögin birt í samráðsgátt stjórnvalda og bárust alls 25 umsagnir.

Rétt er að geta þess að eftir samþykkt byggðaáætlunar samþykkti Alþingi lög nr. 53/2018, um breytingu á ýmsum lögum til samræmingar á áætlunum á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála. Lögin fela í sér tvenns konar breytingar sem snerta byggðaáætlun. Annars vegar er þar kveðið á um að ráðherra leggi, a.m.k. á þriggja ára fresti, fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun til fimmtán ára í senn og í henni skuli jafnframt mörkuð aðgerðaáætlun til næstu fimm ára. Samkvæmt fyrri lögum var byggðaáætlun til sjö ára. Hins vegar kveða lögin á um að ráðherra skipi byggðamálaráð sem geri tillögu til ráðherra að stefnumótandi byggðaáætlun og fimm ára aðgerðaáætlun að fengnum áherslum ráðherra. Í byggðamálaráði sitja tveir fulltrúar ráðherra og er annar þeirra formaður, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, forstjóri Bygðastofnunar og fulltrúi þeirrar skrifstofu ráðuneytisins sem fer með byggðamál. Skipunartími ráðsins takmarkast við embættistíma þess ráðherra sem skipar. Byggðamálaráð tók til starfa 2. október 2018 og samkvæmt starfsáætlun þess hefst endurskoðun byggðaáætlunar í byrjun árs 2020. Næsta áætlun verður því unnin í samræmi við það nýja verklag sem fyrrgreind lagabreyting kveður á um.

Í þessari skýrslu ráðherra er leitast við að upplýsa um framkvæmd byggðaáætlunar á því rúma ári sem liðið er frá samþykkt hennar.

I. Markmið, áherslur og mælikvarðar.

Í lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlunir er kveðið á um að byggðaáætlun skuli hafa að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstaka áherslu skal leggja á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Settar eru fram samtals 47 áherslur sem skiptast milli markmiðanna þriggja. Áherslurnar eru framkomnar eftir samráð við sveitarfélög, landshlutasamtök þeirra og aðra haghafa. Flestar leiða þær til beinna og skilgreindra aðgerða, en aðrar eru á hinn bóginn til samþættingar við aðgerðir í öðrum opinberum áætlunum til að stuðla að því að framangreindum markmiðum byggðaáætlunar verði náð.

Við hvert markmið eru tveir mælikvarðar, alls sex mælikvarðar. Mælikvarðarnir eru mikilvægt tæki til að meta og mæla árangur byggðaáætlunar. Dæmi um mælikvarða er fjöldi starfa í ráðuneytum og stofnunum, sem er skilgreindur „án staðsetningar“. Unnið er að því að safna upplýsingum til þess að hægt verði að virkja þennan mælikvarða, en samkvæmt aðgerð B.7 á byggðaáætlun er markmiðið að 10% allra auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnunum þeirra verði án staðsetningar árið 2024. Annað dæmi um mælikvarða er hlutfall þeirra sem búa innan við 30 km frá heilsugæslustöð, grunnskóla og dagvöruverslun. Staða þessa mælikvarða liggur fyrir.

Byggðastofnun vinnur að því að kortleggja opinbera þjónustu og hefur verið opnað sérstakt þjónustukort á netinu (www.þjónustukort.is). Þjónustukortið er ein af aðgerðum byggðaáætlunar (aðgerð A.2) og jafnframt eitt af þeim verkefnum sem tilgreind eru í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þjónustukortinu er ætlað að bæta yfirsýn og þar með skapa grundvöll fyrir aðgerðir til að tryggja íbúum þjónustu og jafna kostnað. Kortið mun því nýtast sem mælikvarði á framgang aðgerða samkvæmt markmiðum byggðaáætlunar um að jafna aðgengi að þjónustu.

Við eftirfylgni byggðaáætlunar hafa vaknað spurningar um hvort þörf sé á að endurskoða mælikvarðana og hefur byggðamálaráð ákveðið í samstarfi við ráðuneytið og Byggðastofnun að fara í þá vinnu með það að leiðarljósi að mæla nákvæmar árangur áætlunarinnar.

II. Samþætting við aðrar opinberar áætlanir.

Byggðastefna hefur snertifleti við flesta opinbera málaflokka og ráðuneyti. Stefnumótandi byggðaáætlun gegnir mikilvægu samhæfingarhlutverki sem felur í sér að hafa áhrif á aðrar opinberar áætlanir, þ.e. að draga fram byggðasjónarmið við gerð slíkra áætlana og styðja við framkvæmd þeirra, til dæmis með fjárframlagi.

Með samþykkt þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024 vorið 2018 ályktaði Alþingi að náíð samráð milli ráðuneyta, stofnana ríkisins, sveitarfélaga, atvinnulífs og borgarsamfélags væri mikilvægt við framkvæmd byggðastefnu. Með því móti yrði tryggt samhæfing við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, sem skipaður er fulltrúum allra ráðuneyta og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, er meðal annars ætlað það hlutverk að auka samráð ráðuneyta á sviði byggðamála og vinna að því að samhæfa byggðamál annarri stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera þannig að horft verði heildstætt til byggðaþróunar.

Þá eru sóknaráætlunir landshluta mikilvægur þáttur í samspili við byggðaáætlun. Þróun undanfarinna ára hefur verið sú að Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga og þar með sveitarfélögin sjálf eru í vaxandi mæli þátttakendur við mótun og framkvæmd byggðaáætlunar. Það gefur jákvæð fyrirheit um aukna samþættingu sóknaráætlana og byggðaáætlunar og þar með breiðara eignarhald og ábyrgð á þessum mikilvægu áætlunum.

Þessi mikla áhersla á samráð og samþættingu við aðrar opinberar áætlanir hefur stuðlað að því að framkvæmd byggðaáætlunar gengur vel. Sjálf byggðaáætlunin er aðeins hluti af

byggðastefnu stjórnvalda. Aðrar stefnur, svo sem stefnur á sviði mennta-, heilbrigðis- og atvinnumála, hafa jafnvel enn meiri áhrif þegar kemur að byggðaðþróun í landinu. Með því að samþætta byggðaaætlun öðrum áætlunum fæst aukinn kraftur í framkvæmd þeirra. Sem dæmi má nefna innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu sem byggðaaætlun styrkir um samtals 140 millj. kr. á tímabilinu eða 20 millj. kr. á ári. Annað dæmi er hröðun þrífösunar rafmagns, sem áætlað er að verja 400 millj. kr. í á tímabilinu. Með þessu móti styður byggðaaætlun við að mikilvægar byggðaaðgerðir, sem eru á ábyrgð annarra ráðuneyta, nái fram að ganga.

III. Framvinda aðgerða.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið leggur mikla áherslu á skilvirka framkvæmd og eftirfylgni byggðaaætlunar. Jafnframt er lögð áhersla á að almenningur í landinu geti fylgst vel með á vef ráðuneytisins, t.d. með stöðu og framgangi einstakra aðgerða. Þá eru byggðamálaráð og stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál virkir aðilar í ferlinu, en það er fastur dagskrárliður á fundum beggja hópa að gera grein fyrir framkvæmd byggðaaætlunar.

Í byggðaaætlun eru settar fram 54 aðgerðir sem hver um sig tengist einu þriggja markmiða áætlunarinnar. Verkefnamarkmið eru skilgreind við hverja aðgerð ásamt stuttri lýsingu, fram kemur hvaða ráðuneyti ber ábyrgð á framkvæmdinni, auk framkvæmdaraðila og mögulegra samstarfsaðila o.fl.

Fjármögnun aðgerða er þrjúþætt. Í fyrsta lagi eru aðgerðir sem eingöngu eru fjármagnaðar af byggðalið samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Sem dæmi um slíkar aðgerðir má nefna þjónustukort (A.2) og brothættar byggðir (C.2). Í öðru lagi er um samfjármögnun að ræða, sem felur í sér að fjármagn kemur annars vegar af byggðalið og hins vegar frá viðkomandi ráðuneyti. Dæmi um slíkar aðgerðir eru Ísland ljóstengt (A.1) og innleiðing fjarheilbrigðisþjónustu (A.5). Í þriðja lagi eru aðgerðir sem fjármagnaðar eru að öllu leyti af viðkomandi ráðuneyti. Dæmi um slíkar aðgerðir eru stuðningur við uppbyggingu smávirkjana (B.3) og fleiri flughlið inn í landið (B.11).

Samkvæmt byggðaaætlun er áætlað að verja um 3,5 milljörðum kr. af byggðalið fjárlaga (fjárlagaliður 10 701 1.10) á tímabilinu 2018–2024. Ekki er um heildarkostnað að ræða við framkvæmd áætlunarinnar, en sem fyrr segir leggja önnur ráðuneyti til fjármagn til einstakra aðgerða.

Í viðauka sem fylgir skýrslu þessari er tafla með upplýsingum um allar 54 aðgerðirnar. Þar er meðal annars að markmið hverrar aðgerðar og stöðu hennar haustið 2019. Einnig eru upplýsingar um fjármagn sem áætlað er til hverrar aðgerðar árin 2018 og 2019 sem og heildarupphæð sem áætluð er af byggðalið á tímabilinu 2018–2024 samkvæmt byggðaaætlun. Í viðaukanum kemur fram að 47 aðgerðir eru í vinnslu, undirbúningur er hafinn vegna tveggja aðgerða, ein aðgerð er ekki hafin og fjórum aðgerðum er þegar lokið.

IV. Mat Byggðastofnunar.

Það er mat Byggðastofnunar að framkvæmd byggðaaætlunar hafi farið vel af stað og hefur vinna í tengslum við flestar aðgerðir þegar hafist. Stofnunin telur að hið mikla samráð sem haft var við mótun áætlunarinnar hafi átt stóran þátt í því hversu vel hefur gengið að framfylgja byggðaaætlun.

Byggðastofnun telur að breytt vinnulag við gerð og framkvæmd byggðaaætlunar sé mjög til bóta og að vægi hennar við ákvarðanatöku hafi jafnframt aukist verulega. Byggðastofnun merkir aukna áherslu á byggðamál hjá stjórnvöldum og fjölmörg þingmál tengjast beint og markvisst einstökum tillögum byggðaaætlunar. Þá er áætlunin heildstæðari og nær til mun fleiri sviða en fyrri áætlanir. Of snemmt er að meta ávinning byggðaaætlunar, en full ástæða er til að ætla að hún muni skila árangri. Þá telur Byggðastofnun að sú áhersla að samþætta byggðaaætlun annarri stefnumörkun hafi þegar skilað árangri.

Viðauki - Framkvæmd aðgerða

A. Jafna aðgengi að þjónustu						
Nr.	Heiti aðgerðar	Markmið	Staða	Áætlað framlag af byggðalið 2018-2019	Áætlað framlag af byggðalið 2018-2024	Ábyrgð
A.1	Ísland ljóstengt	Að öll lögheimili og fyrirtæki með heilsársbúsetu eða starfsemi í dreifbýli eigi kost á ljósleiðaratengingu.	Í vinnslu. Byggðastyrkir styðja við áætlun fjarskiptasjóðs. Áætlað er að verkefninu verði lokið fyrir árslok 2021.	185 m.kr.	300 m.kr.	SRN
A.2	Þjónustukort	Að fá trausta sýn á aðgengi landsmanna að þjónustu.	Í vinnslu. Þjónustukortið er komið í gagnið en áfram er unnið að því að setja inn nýjar upplýsingar. Náð samráð við önnur ráðuneyti og stofnanir. Verklök áætluð í lok 2020 og við tekur viðhaldsvinna. Sjá: www.þjónustukort.is	20 m.kr.	20 m.kr.	SRN
A.3	Efling rannsóknna og vísindastarfsemi	Að auka rannsóknavirkni, vísindastarfsemi og nýsköpun á landsbyggðinni.	Í vinnslu. Unnið að úttekt á starfsemi rannsóknar-, fræða-, og þekkingarsetra sem er mikilvægur grunnur að gerð stefnumótunar um starfsemi þeirra. Vakin hefur verið athygli á tillögnum m.a. með það að markmiði að hvetja til verkefnishugmynda	0	0	MRN

A.4	Þverfagleg landshlutatæymi	Að styrkja og auka heildstæða þjónustu á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála.	og áhersla í anda hennar. Í undirbúningi í samstarfi fjögurra ráðuneyta (FRN, HRN, MRN og SRN) og Sambands íslenskra sveitarfélaga.	10 m.kr.	60 m.kr.	FRN
A.5	Innleiðing fjarheilbrigðisþjónustu	Að bæta heilbrigðisþjónustu með því að nýta nýjustu tækni og fjarskipti við framkvæmd þjónustu.	Í vinnslu. Gengur skv. áætlun. Framlag SRN fer fyrst og fremst í tækja-kaup á landsbyggðinni.	40 m.kr.	140 m.kr.	HRN
A.6	Hérðaðslækningar	Að fjölga heilsugæslulæknum á landsbyggðinni með því að koma á tveggja ára námi sem býr heilsugæslulækna undir starf í dreifbýli.	Í vinnslu. Starfshópur hefur skilað inn tillögum. Áætlað að marklýsing fyrir sérnám í hérðaðslækningum liggi fyrir um áramótin 2019/2020.		2,5 m.kr.	HRN
A.7	Fæðingapjónusta og mæðravernd	Að tryggja aðgengi að þjónustu vegna meðgöngu og fæðingar.	Í vinnslu. Starfshópur á vegum FRN hefur það hlutverk að fara heildstætt yfir aðstæður barnshafandi kvenna á landsbyggðinni hóf störf haustið 2019. Á að skila niðurstöðum fyrir áramót þannig að þær nýtist m.a. við vinnu nefndar í tengslum við heildarendurskoðun laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof.	0	0	HRN

A.8	Jöfnun flutningskostnaðar vegna verzlunar	Að skjóta styrkari stöðum undir verslun í dreifbýli og minna þéttbýli.	Í vinnslu. Skipaður hefur verið starfshópur sem skilar tillögum fyrir árslok 2019.	0	0	0	SRN
A.9	Verslun í strjálbýli	Að styðja verslun í strjálbýli.	Í vinnslu. Samkeppnis-pottur. Sex verstanir hafa fengið styrki og ráðgjöf. Auglýst var að nýju haustið 2019. Sjö umsóknir bárust sem unnið er úr.	25 m.kr.	55 m.kr.		SRN
A.10	Almenningssamgöngur um land allt	Að styðja við áframhaldandi þróun almenningssamgangna um land allt.	Í vinnslu. Vegagerðin mun endurskoða leiðakerfið með samræmdum hætti fyrir land allt árið 2020. Í skoðun er hvernig fjármagn af byggðalið nýtist best til að bæta þjónustu og styrkja byggðir. Heildarstefna í almenningssamgöngum milli byggða liggur fyrir og fer sem fylgiskjal samgönguáætlunar fyrir Alþingi.	32,5 m.kr.	107,5 m.kr.		SRN
A.11	Flug sem almenningssamgöngur	Að innanlandsflug verði raunhæfur kostur fyrir íbúa landsbyggðarinnar.	Í vinnslu. Áætlað er að hefja niðurgreiðslur flugfargjalda með „skosku aðferðinni“ árið 2020. 10 m.kr. var varið af byggðalið í að styrkja áætlanafflug til Bíldudals, Gjögurs og Hornafjarðar árið 2019.	10 m.kr.	0		SRN

A.12	Akstursþjónusta í dreifbýli	Að auka aðgengi að skipulagðri akstursþjónustu í dreifbýli.	Lokið með reglugerð nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Tillaga að úthlutun lögð fyrir ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs fyrir áramót.	0	0	0	SRN
A.13	Nærþjónusta við innflytjendur	Að auðvelda aðgengi innflytjenda að opinberri þjónustu.	Í vinnslu. Tengt við aðgerðir A.4 og B.2 í framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Fjölmenningarsetur framkvæmir.	10 m.kr.	20 m.kr.	FRN	
A.14	Jöfnun orkukostnaðar	Að stuðla að aukinni jöfnun orkukostnaðar í dreifbýli og þéttbýli, bæði hvað varðar dreifingu á raforku og húshitunarkostnað.	Í vinnslu. Þrjúætt aðgerð. a) Jöfnun dreifikostnaðar og er starfshópur að störfum sem hefur til skoðunar hvernig tryggja megi aukna jöfnun. b) Niðurgreiðslur á köldum svæðum og gert er ráð fyrir auknum framlögum 2019-2024. c) Styrkir til einstaklinga til kaupa á varma-dælum, sem tengist aðgerð C.5.	0	0	ANR	
A.15	Uppbygging innviða fyrir endurnýjanlega orku á landi og í höfnum	Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka hlutfall vistvæнна orkugjafa.	Í vinnslu. Unnið í tengslum við aðgerða-áætlun í loftlagsmálum. Áætlað er að verja 1,5 milljarði á næstu 5 árum til	0	0	ANR	

A.16	Hagnýting upplýsingatækni til háskólanáms	Að bæta aðgengi að námi á háskólastigi.	<p>uppbyggingar innviða fyrir rafbíla, rafvæðingu hafna o.fl. Hvatar til að fjárfesta í iág-CO2 ökutækjum verða eflidir. Starfshópur sem vinnur að innviðaaætlun fyrir orkuskipti í samgöngum að stórfum.</p> <p>Í vinnslu. Til margvíslegra aðgerða hefur verið gripið bæði af ráðuneyti og háskólum. Framboð fjarnáms fer hratt vaxandi og hlutur fjárnámsnemenda árið 2017 var að meðaltali 16,5%. Hlutfallið er hæst hjá háskólum á landsbyggðinni, 67% við Bifröst, 48% við HA og 38% við Lbhí. Í undirbúningi er gerð úttekt á gæðum fjarnáms og meistaranáms þvert á háskóla og unnið er að þróun fagháskólanáms.</p>	0	0	MRN
A.17	Svæðisbundin flutningsjöfnun	Að endurskoða lög um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. 160/2011.	<p>Lokið með samþykkt laga nr. 125/2018 um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. 160/2011.</p>	0	0	SRN

A.18	Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis	Að íbúar landsins, óháð búsetu, hafi jafnt aðgangi að opinberri grunnþjónustu með bættum aðstæðum og tæknilausnum.	Í vinnslu. Starfshópur að störfum. Í gangi eru fundir í öllum landshlutum. Áætlað er að skilgreining á rétti fólks til opinberrar grunnþjónustu liggi fyrir árið 2021.	1 m.kr.	3 m.kr.	SRN
A.19	Aukinn aðgangur að geðheilbrigðisþjónustu	Að styðja við stefnu og aðgerðaáætlun. Velferðarráðuneytisins í geðheilbrigðismálum.	Í vinnslu. Í febrúar 2019 úthlutaði heilbrigðisráðherra 630 m.kr. til að efla geðheilbrigðisþjónustu á landsvísu. Fénu verður varið til að fjölga stöðugildum sálfræðinga í heilsugæslu og til að byggja upp geðheilbrigðis-teymi um land allt.	5 m.kr.	5 m.kr.	HRN
A.20	Jafna aðgang að þjónustu sérfræðilækna	Að jafna aðgang að heilbrigðisþjónustu, óháð búsetu.	Í vinnslu. LSH þróar og innleiðir nauðsynlegar tæknilausir. Þá er í gangi tilraunaverkefni á Austurlandi 2019.	5 m.kr.	5 m.kr.	HRN
B. Jafna tækifæri til atvinnu						
B.1	Hraða þrífösun rafmagns	Að dreifikerfi rafmagns mæti þórfum heimila og fyrirtækja, með sérstakri áherslu á dreifingu raforku og afhendingaröryggi raforku í dreifibýli.	Í vinnslu. Í byrjun árs 2019 kynnti iðnaðar-ráðherra þriggja ára átak til að hraða þrífösun rafmagns. Skaftárhreppur og Mýrar verða þar í forgangi og hefur þegar verið hafist handa. Átakið hefur	0	400 m.kr.	ANR

B.2	Flutningskerfi raforku og bætt orkuöryggi	Að auka orkuöryggi og efla flutningskerfi raforku.	beina skírskotun til byggðaaætlunar. Í vinnslu. Árið 2018 var samþykkt þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Í gangi er vinna sem snýr að möguleikum á lagningu jarðstrengja í stað loftlína. Áætlað er að fyrir lok árs 2019 verði unnt að leggja mat á hvort lagðar verði til breytingar á viðmiðum og meginreglum um lagningu jarðstrengja.	0	60 m.kr.	ANR
B.3	Stuðningur við byggingu smávirkjana	Að kanna og styðja möguleika á aukinni raforkuframleiðslu á landsbyggðinni með smávirkjunum og efla þar með orkuöryggi á landsvísu.	Í vinnslu. Orkustofnun stendur fyrir smávirkjanaverkefni. M.a. hefur verið kallað eftir hugmyndum að smærri virkjunarkostum í gegnum landshluta-samtök sveitarfélaga.	0	0	ANR
B.4	Hagstæð lán fyrir landbúnað	Að stuðla að nýliðun, nýsköpun og nýffárfestingum í landbúnaði um land allt.	Í vinnslu. Sérstakur lánaflokkur fyrir landbúnað hefur verið mjög eftirsóttur, en nú er svo komið að landbúnaður er stærsta atvinnugreinin í lánasafni stofnunarinnar.	0	0	SRN

B.5	Nýsköpun í matvælaíðnaði	Að efla nýsköpun og auka sóknarfæri í matvælaframleiðslu.	Í vinnslu. Frumvarp lagt fram á Alþingi haustið 2019 þar sem lagt er til að settur verði á laggirnar matvælasjóður sem hafi það hlutverk að styrkja verðmæta-sköpun í þróun, vinnslu og markaðssetningu matvæla úr landbúnaði og sjávarútvegi.	0	0	0	ANR
B.6	Frádráttur vegna aksturs til og frá vinnu	Að auðvelda fólki utan höfuðborgarsvæðisins að sækja vinnu frá heimili.	EKKI hafið.	0	0	0	FJR
B.7	Störf án staðsetningar	Að 10% allra auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnunum þeirra verði án staðsetningar árið 2024 þannig að búseta hafi ekki áhrif við val á starfsfólki í ráðuneytum.	Í vinnslu. Framkvæmdastjórn FOR, FJR og SRN er að störfum og áætlað að stofnanir ríkisins hafi greint störf hjá sér fyrir lok árs 2019. Byggðastofnun hefur safnað upplýsingum um mögulegar starfsstöðvar.	0	0	0	FJR
B.8	Fjarvinnlustöðvar	Að koma opinberum gögnum á stafrænt form og fjölga atvinnutækifærum á landsbyggðinni.	Í vinnslu. Úthlutað hefur verið úr samkeppnis-potti til fjögurra stofnana. Auglýst aftur haustið 2019.	60 m.kr.	300 m.kr.	300 m.kr.	SRN
B.9	Fjölbreytt atvinnutækifæri um allt land	Að stuðla að fjölbreyttum störfum og atvinnulífi sem víðast um landið.	Í vinnslu. Forsætisráðherra lagði fram minnisblað á ríkisstjórnarfundum 4.10.19 þar sem áréttað var mikilvægi þess að	0	0	0	FOR

				skoðað verði gaumgæfilega hvort að stofnanir sem ráðuneyti áformi að setja á laggirnar geti verið staðsettar utan höfuðborgarsvæðisins.				
B.10	Jöfnun á aðstöðumun á millilandaflugvöllum	Að jafna aðstöðumun til þjónustu á millilandaflugvöllum landsins.		Í vinnslu. Stjórn olíujöfnunarsjóðs skilaði tillögum til ráðherra í febrúar 2019 sem eru til umsagnar hjá Ísavia.	0	0	SRN	
B.11	Flughlið inn í landið	Að ferðamenn dreifist betur um landið.		Í vinnslu. Flugþróunar- sjóður styður við uppbyggingu nýrra flugleiða til Íslands þannig að koma megi á reglulegu millilandaflugi um alþjóðaflugvellina Akureyri og Egilsstaði. Frá árinu 2017 hafa þrjú fyrirtæki, auk Markaðsstofu Norðurlands og Austurbrúar, fengið styrki úr sjóðnum, samtals 158 m.kr.	0	0	ANR	
B.12	Ratsjáin	Að efla ferðabjónustufyrirtæki á landsbyggðinni.		Í vinnslu. Sex vikna svæðisbundið þróunar- og nýsköpunarverkefni fyrir stjórnendur ferðabjónustufyrirtækja. Haldið í öllum landshlutum. Vinnustofur hafa verið haldnar á Norðvesturlandi og	10 m.kr.	30 m.kr.	ANR	

B.13	Stafrænt forskot á landsbyggðinni	Að auka getu fyrirtækja á landsbyggðinni til að nýta stafræna tækni til vaxtar.	Reykjanesi og fyrirhugað er að halda vinnustofu á Norðausturlandi fyrir árslok 2019.	10 m.kr.	35 m.kr.	ANR
B.14	Fjármagn til nýsköpunar	Að auka nýsköpun í atvinnulífi í dreifðum byggðum með sérstökum flokki útlána Byggsstofnunar sem hvetur til nýsköpunar í atvinnulífi og auðveldar frumkvöðlum að koma hugmyndum sínum og verkefnum af þróunarstigi í framkvæmd.	Í vinnslu. Vinnustofur haldnar um land allt sem miða að því að auka samkeppnishæfni landshluta. Vinnustofur hafa verið haldnar á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum. Þrjár vinnustofur hafa verið haldnar á hverjum stað eða samtals 9 vinnustofur.	0	0	SRN
B.15	Mat á árangri af úthlutun byggðakvóta	Að meta árangur af byggðakvóta.	Í vinnslu. Nefnd er að störfum um byggðakvótann.	0	0	ANR
B.16	Nýting menningarmínja	Að nýta menningarmínjar til stuðnings byggðabróun á svæðum sem standa höllum fæti í byggðategu tilliti.	Í vinnslu. Byggsdatög sem taka þátt í Brothættum byggðum verða í forgangi. Lokið er frumkönnun á heimildum um fornleifar og fornleifarannsóknir á þeim svæðum.	6,5 m.kr.	16,5 m.kr.	MRN

B.17	Bújarðir í eigu ríkisins	Að móta eigendastefnu fyrir bújarðir í eigu ríkisins.	Lokið með samþykkt eigendastefnu ríkisins vegna jarða, landa, lóða og auðlinda í júlí 2019.	0	0	FJR
B.18	Atvinnuþátttaka og tekjumunur eftir búsetu	Að auka möguleika kvenna til atvinnuþátttöku á landsbyggðinni.	Í vinnslu. Jafnréttisstofa vinnur að úttekt á stöðu og tækifærum kvenna og karla á vinnumarkaði í dreifbýli. Áætlað að niðurstöður liggi fyrir í lok árs 2020.	5 m.kr.	5 m.kr.	FOR
C. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða						
C.1	Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða	Að færa heimamönnum aukna ábyrgð á ráðstöfun fjármuna og tengja sóknaráætlanir landshluta við byggðaáætlun.	Í vinnslu. Samkeppnis-pottur sem úthlutað er úr árlega. Landshluta-samtök sveitarfélaga skilgreina verkefni og senda umsóknir til valnefndar. 14 verkefni hafa verið styrkt.	220 m.kr.	870 m.kr.	SRN
C.2	Brothætt byggðarlög	Að sporna við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum.	Í vinnslu. Níu byggðarlög hafa verið þátttakendur í verkefni á tímabili 2018-2019. Tvö byggðarlög voru útskrifuð í upphafi árs 2019 og eitt var tekið inn. Alls eru nú sjö byggðalög þátttakendur. Veitt var sérstök aukafjárveiting, 9 m.kr., vegna Bakkafjarðar 2019.	209 m.kr.	700 m.kr.	SRN
C.3	Stuðningur við einstaklinga - námslán	Að nýta námslánakerfið sem hvata fyrir fólk til að setjast að í dreifðum byggðum.	Í vinnslu. Frumvarp um menntasjóð námmanna hefur verið lagt fram á	0	0	MRN

C.4	Höfuðborgarstefna	Að mótuð verði höfuðborgarstefna sem skilgreini hlutverk Reykjavíkurborgar sem höfuðborgar allra landsmanna, réttindi og skyldur borgarinnar sem höfuðborgar Íslands og stuðli að aukinni samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins og landsins alls.	Alþingi. Það felur í sér grundvallarbreytingu á stuðningskerfi ríkisins. Heimild til tímabundinna ívilnana við endurgreiðslu námslána hjá lánþegum búsettum og starfandi á svæðum skilgreindum í samráði við Byggðastofnun að uppfylltum skilyrðum.	3,3 m.kr.	7,3 m.kr.	SRN
C.5	Varmadæluvæðing á köldum svæðum	Að draga úr raforkunotkun á köldum svæðum og auka orkuöryggi.	<p>Í undirbúningi. Starfshópur tekur til starfa í nóvember 2019. Verklök áætluð í árslok 2020 með þingsályktun.</p> <p>Í vinnslu. Ríkið hefur styrkt sjóvarmadælu í Vestmannaeyjum og eru fleiri köld svæði sem eru með fjarvarmaveitur til skoðunar. Þá er skoðað að auka styrki til einstaklinga til kaupa á varmadælum. Orkusjóður hefur veitt sveitarfélögum fjárfestingastyrki til verkefna sem leiða til lægri kostnaðar við óniðurgreitt rafhitað húsnæði og mannvirki.</p>	0	0	ANR

C.6	Húsnæðismál	Að fjölga íbúðum á svæðum þar sem eru sóknarfæri til þess að rjúfa stöðnun í atvinnumálum en skortur á hentugu íbúðarhúsnæði hamlar uppbyggingu.	2018 námu styrkirnir 20 m.kr. og 2019 eru 25 m.kr. til ráðstöfunar. Tengist aðgerð A.14.	10 m.kr.	20 m.kr.	FRN
C.7	Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga	Að raunhæfar og markvissar húsnæðisáætlanir verði í gildi hjá öllum sveitarfélögum.	2018 námu styrkirnir 20 m.kr. og 2019 eru 25 m.kr. til ráðstöfunar. Tengist aðgerð A.14. Í vinnslu. Í samstarfi ÍLS og sveitarfélaga er í skoðun hvernig megi fjölga íbúðum á svæðum þar sem misvægi ríkir á byggingarkostnaði og markaðsvirði íbúða. Á næstunni verða kynntar ólíkar lausnir þar sem er horft m.a. til samstarfs við Leigufélagið Bríeti og nýs lánaflokks hjá ÍLS sem miðar að því að mæta byggðalögum þar sem misvægi ríkir á milli byggingar-kostnaðar og markaðsverðs húsnæðis. Fjármunir byggðaliðar færðir frá aðgerð C.7 til C.6.	10 m.kr.	20 m.kr.	FRN
				0	0	

				ingu fyrir húsnæði á vinnusóknarsvæðum og hvernig skipulags- og húsnæðisáætlanir geti spilað saman. Fjármunir byggðaliðar færðir frá aðgerð C.7 til C.6.			
C.8	Efling fjölimiðlunar í héraði	Að efla staðbundna fjölimiðla.		Í vinnslu. Tengist frumvarpi um stuðning við einkarekna fjölimiðla, þar sem m.a. verða skilgreind skilyrði fyrir styrkveitingum.	0	25 m.kr.	MRN
C.9	Náttúruvernd og efling byggða	Að náttúruvernd stuðli að eflingu byggða.		Í vinnslu. UAR hefur gert samninga við tvö landshlutasamtök sveitarfélaga um greiningu tækifæri og áhrifum friðlýstra svæða. Valin hafa verið svæði til að vinna með í þessum landslutum. Hagfræðistofnun HÍ og Rannsóknamiðstöð HA hafa unnið greiningarvinnu sem nýtist í verkefnum landshlutasamtaka.	20 m.kr.	57 m.kr.	UAR
C.10	Fagmennska á sviði innviða á náttúruverndarsvæðum	Að efla fagbekkingu þeirra sem vinna að uppbyggingu innviða í náttúrunni.		Í vinnslu. Fagbekking við hönnun innviða í náttúrunni eflð þannig að þeir falli sem best að landslagi og stuðli að jákvæðri upplifun. Landbúnaðarháskóli	10 m.kr.	15 m.kr.	UAR

C.11	Fleiri konur í sveitarstjórnir	Að fjölga konum í sveitarstjórnnum.	Íslands heldur námskeið í öllum landshlutum sem hefjast í haust. Hönnunarmiðstöð í samstarfi við fagaðila mun einnig standa fyrir málfundum í öllum landshlutum um sama efni.	0	11 m.kr.	FOR
C.12	Kynning og innleiðing áfangastaðaáætlana	Að stýra uppbyggingu og þróun ferðamannastaða.	Lokið. Markaðsstofur landshluta sáu um framkvæmd, hver í sínum landshluta, utan höfuðborgarsvæðisins. Áætlanirnar eru að finna á vef <u>Ferðamálastofu</u> .	30 m.kr.	30 m.kr.	ANR
C.13	Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála	Að stefnumótun á sviði byggðamála og framkvæmd hennar byggist á traustum gögnum.	Í vinnslu. Unnar upplýsingar um aðgengi íbúa að heilbrigðisþjónustu, skólum og dagvöruverslun. Unnin spá um íbúabróun einstakra sveitarfélaga og svæða til 2067. Unnar kannanir á þjónustusókn í einstökum landshlutum. Unnið er að stórri rannsókn á búferlaflutningum.	40 m.kr.	140 m.kr.	SRN

				Niðurstöður fyrstu rannsóknar birtar. Unnið með Hagstofu að skilgreiningu smásvæða til hagskýrslugerðar. Unnin skýrsla um hagvöxt landshluta 2017 og atvinnutekjur eftir atvinnugreinum og svæðum 2018. Unnin skýrsla um fjölda og staðsetningu ríkisstarfa.				
C.14	Samstarf safna - ábyrgðarsöfn	Að efla safnastarf í landshlutum.		Í vinnslu. MRN hefur gert samninga við fjögur landshlutsamtök sveitarfélaga vegna vinnu við fýsileikakönnun á samstarfi og sameiningu safna.	7,5 m.kr.	22,5 m.kr.	MRN	
C.15	List fyrir alla	Að öllum árgöngum grunnskóla verði gert kleift að njóta listverkefna Listar fyrir alla.		Í vinnslu. Öllum grunnskólum landsins stendur listverkefni til boða og eru laun listamanna og upphald er kostuð af verkefni.	7,5 m.kr.	32,5 m.kr.	MRN	
C.16	Vaxtarsvæði	Að gera ríki og sveitarfélög færari um að bregðast við penslu á vaxtarsvæðum		Í vinnslu. Starfshópur skipaður í nóvember 2019 sem vinna mun með tilteknum svæðum. Fyrsta verk hópsins verður að vinna að þingsályktun nr. 42/149 um stöðu sveitarfélaga á Suðurnesjum.	0	0	SRN	

